
Sparnaðarlíftrygging

Ársyfirlit 2017

Með sparnaðarlíftryggingu getur þú sameinað líftryggingu og reglubundinn sparnað. Sparnaðarlíftrygging er góð leið til að koma sparnaðinum fyrir í virkri eignastýringu.

Ávöxtun í erlendum sjóðum er í höndum Henderson Global Investor, en VÍB, eignastýringarþjónusta Íslandsbanka, sér um ávöxtun innlendra sjóða. Hér má sjá yfirlit yfir ávöxtun í sjóðum árið 2017 og helstu þætti sem höfðu áhrif á hana.

Hægt er að nálgast upplýsingar um stöðu sparnaðar á Mínum síðum á www.sjova.is.

Vísitala neysluverðs (verðbólga)

Vísitala neysluverðs hækkaði um 1,73% á árinu 2017. Það er fjórða árið í röð sem verðbólga er undir 2,5% verðbólguþröngun Seðlabanka Íslands en viðmiðið var tekið upp árið 2001.

Húsnæðisliðurinn hefur mest vægi í vísitölu neysluverðs og var íbúðaverð helsti hækkunarliðurinn á liðnu ári. Aðrir liðir í vísitölu neysluverðs hækkuðu minna eða lækkuðu m.a. vegna aukinnar samkeppni og áhrifa af styrkingu krónu á fyrri helmingi ársins.

Spár greiningaraðila gera ráð fyrir að verðbólga árið 2018 verði í kringum verðbólguþröngun Seðlabankans sem er 2,5%. Töluverð óvissa ríkir um þróun verðbólgu á árinu m.a. vegna niðurstöðu kjarasamninga opinberra starfsmanna og hvort uppsagnarákvæði kjarasamninga á almenna vinnumarkaðnum verði virkjað í febrúar n.k. Þróun íbúðaverðs á árinu og gengi íslensku krónunnar eru einnig þættir sem geta haft mikil áhrif á verðbólgu.

Erlendir sjóðir

Sjóðir í ávöxtun hjá Henderson Global Investors

Evrópusjóður

| Meðalársávöxtun | | |
|-----------------|-------------|-------------|
| Tímabil | Nafnávöxtun | Raunávöxtun |
| 12 mánuðir | 21,64% | 19,41% |
| 24 mánuðir | 3,53% | 1,61% |
| 48 mánuðir | 4,36% | 2,67% |

| Fjárfestingarstefna | Lágmark | Hámark |
|----------------------|---------|--------|
| Evrópsk hlutabréf | 55% | 95% |
| Evrópsk smáfyritækni | 5% | 45% |

Markmið: Fjárfesta í stórum sem smáum evrópskum fyrirtækjum og ná fram stöðugri ávöxtun með áhættudreifingu.

Skuldabréfasjóður

| Meðalársávöxtun | | |
|-----------------|-------------|-------------|
| Tímabil | Nafnávöxtun | Raunávöxtun |
| 12 mánuðir | 8,53% | 6,54% |
| 24 mánuðir | -2,17% | -3,98% |
| 48 mánuðir | -2,28% | -3,86% |

| Fjárfestingarstefna | Lágmark | Hámark |
|---------------------|---------|--------|
| Alheimsskuldabréf | 60% | 100% |
| Evrópsk skuldabréf | 0% | 40% |

Markmið: Fjárfesta í skuldabréfum um allan heim.

Alheimssjóður

| Meðalársávöxtun | | |
|-----------------|-------------|-------------|
| Tímabil | Nafnávöxtun | Raunávöxtun |
| 12 mánuðir | 14,55% | 12,45% |
| 24 mánuðir | 1,29% | -0,58% |
| 48 mánuðir | 4,97% | 3,26% |

| Fjárfestingarstefna | Lágmark | Hámark |
|----------------------------|---------|--------|
| Evrópsk hlutabréf | 10% | 50% |
| Amerísk hlutabréf | 10% | 50% |
| Japönsk hlutabréf | 5% | 35% |
| Hlutabr. í Kyrrahafslöndum | 0% | 20% |

Markmið: Fjárfestingar eru í hlutabréfum stórra sem smárra fyrirtækja um allan heim á flestum stærstu mörkuðunum.

Þróunarsjóður



| Meðalársávöxtun | | |
|-----------------|-------------|-------------|
| Tímabil | Nafnávöxtun | Raunávöxtun |
| 12 mánuðir | 22,52% | 20,27% |
| 24 mánuðir | 4,02% | 2,10% |
| 48 mánuðir | 5,34% | 3,63% |

| Fjárfestingarstefna | Lágmark | Hámark |
|---------------------------|---------|--------|
| Evrópsk hlutabréf | 10% | 50% |
| Evrópsk smáfyritækni | 10% | 50% |
| Nýmarkaðir | 5% | 35% |
| Hlutabréf tæknifyrirtækja | 0% | 20% |

Markmið: Fjárfestingar eru að hluta til í evrópskum hlutabréfum og á nýjum vaxandi hlutabréfamörkuðum.

Erlendir sjóðir

Gengisþróun



Erlend hlutabréf

Þrátt fyrir að óróleiki og óvissa hafi verið á stjórnmalasviðinu víða í heiminum hækkaði hlutabréfaverð flestra hlutabréfamarkaði mikið. Margar af helstu hlutabréfavísitölum í heiminum hafa aldrei verið hærri.

Breytingar á erlendum hlutabréfavísitölum gefa góða mynd af þróun hlutabréfaverðs í heiminum. Árið 2017 hækkaði heimsvísitala hlutabréfa MSCI um 11,9% í kr. (22,4% í USD).

Í Bandaríkjunum hækkaði S&P 500 vísitalan um 9,2% í kr. (20,6% USD) og Nasdaq hlutabréfavísitalan hækkaði um 17,3% í kr. (29,6% í USD).

Í Evrópu hækkaði MSCI hlutabréfavísitalan um 11,8% í kr. (7,3% EUR) og þýska hlutabréfavísitalan DAX hækkaði um 17,3% í kr. (15,2% EUR).

Mesta hækkun var á heimsvísitölu hlutabréfa nýmarkaðsríkja, MSCI Bric, sem hækkaði um 26,9% í kr. (38,7% í USD).

Mikilvægt er að hafa í huga að gengisþróun íslensku krónunnar gagnvart helstu viðskiptamyntum hefur áhrif á ávöxtun erlendra eigna í íslenskum krónum. Krónan veiktist um 5% gagnvart evru og 1,5% gagnvart breska pundinu sem hækkaði ávöxtun eigna í evrum og pundum í íslenskum krónum. Styrking krónunnar um 7,5% gagnvart Bandaríkjadollar lækkaði hins vegar ávöxtun eigna í Bankaríkjadollar í íslenskum krónum.

Innlend skuldabréf

Árið 2017 var hagfelld fyrir skuldabréfaeigendur en allir flokkar ríkisskuldabréfa, bæði verðtryggðir og óverðtryggðir, skiluðu jákvæðri raunávöxtun á árinu 2017. Jafnframt var ágætis ávöxtun á sértryggðum skuldabréfum og sveitafélagabréfum. Þrátt fyrir lága verðbólgu hækkaði gengi verðtryggðra skuldabréfa meira en óverðtryggðra skuldabréfa á árinu. Skuldabréfavísitölur Kauphallar Íslands gefa ágætis mynd af ávöxtun skuldabréfa árið 2017. Verðtryggð skuldabréfavísitala hækkaði um 10,88% og óverðtryggð um 4,95%.

Af verðtryggðum ríkisskuldabréfum skilaði flokkurinn HFF44 hæstri ávöxtun eða 13,66%. Af óverðtryggðum skuldabréfum skilaði RIKB 28 hæstri ávöxtun eða 6,71%.

Útgáfa ríkisskuldabréfa hélt áfram að dragast saman á árinu en aukning var í útgáfu sértryggðra skuldabréfa og fyrirtækjaskuldabréfa.

Lífeyrissjóðir fjárfestu minna í innlendum skuldabréfum á liðnu ári en undanfarin ár en stærsti hluti af fjárfestingum lífeyrissjóða fóru í ný sjóðfélagalán og fjárfestingar erlendis.

Ríkissjóður áformar að halda áfram að draga úr hreinu framboði af ríkisskuldabréfum árið 2018 með uppgreiðslum. Framboð á verðtryggðum skuldabréfum með ríkistryggingu mun halda áfram að dragast saman en engin útgáfa var á verðtryggðum ríkisskuldabréfinu og skuldabréfum Íbúðalánasjóðs á árinu 2017. Búast má við útgáfu á verðtryggðum ríkisbréfum í ár þó að hún nái ekki að mæta uppgreiðslum og afborgunum Íbúðalánasjóðs og ríkisskuldabréfa.

Innlendir sjóðir

Sjóðir í ávöxtun hjá VÍB,
eignastýringarþjónustu Íslandsbanka

Ríkissjóður

| Meðalársávöxtun | | |
|-----------------|-------------|-------------|
| Tímabil | Nafnávöxtun | Raunávöxtun |
| 12 mánuðir | 7,74% | 5,76% |
| 24 mánuðir | 6,70% | 4,73% |
| 48 mánuðir | 5,98% | 4,26% |

| Fjárfestingarstefna | Lágmark | Hámark |
|---------------------|---------|--------|
| Ríkisskuldabréf | 90% | 100% |
| Innlán/laust fé | 0% | 10% |

Markmið: Ná stöðugri og öruggri ávöxtun með aukningu eigna í vaxtatekjum og gengishagnaði af innlendum ríkisskuldabréfum.

Hlutabréfasjóður

| Meðalársávöxtun | | |
|-----------------|-------------|-------------|
| Tímabil | Nafnávöxtun | Raunávöxtun |
| 12 mánuðir | -6,46% | -8,18% |
| 24 mánuðir | -4,72% | -6,49% |
| 48 mánuðir | 6,95% | 5,22% |

| Fjárfestingarstefna | Lágmark | Hámark |
|---------------------|---------|--------|
| Innlend hlutabréf | 90% | 100% |
| Laust fé | 0% | 10% |

Markmið: Langtímaaukning með gengishagnaði og arði af innlendum hlutabréfum.

Innláns- og ríkisskuldabréfasjóður

| Meðalársávöxtun | | |
|-----------------|-------------|-------------|
| Tímabil | Nafnávöxtun | Raunávöxtun |
| 12 mánuðir | 10,79% | 8,76% |
| 24 mánuðir | 6,03% | 4,07% |
| 48 mánuðir | 5,13% | 3,43% |

| Fjárfestingarstefna | Lágmark | Hámark |
|------------------------------|---------|--------|
| Innlán | 0% | 40% |
| Skuldabr. m. ábyrgð ríkisins | 60% | 100% |

Markmið: Að ná stöðugri ávöxtun með aukningu eigna í vaxtatekjum og gengishagnaði.

Blandaður hlutabréfasjóður

| Meðalársávöxtun | | |
|-----------------|-------------|-------------|
| Tímabil | Nafnávöxtun | Raunávöxtun |
| 12 mánuðir | 1,53% | -0,33% |
| 24 mánuðir | 3,32% | 1,41% |
| 48 mánuðir | 5,41% | 3,71% |

| Fjárfestingarstefna | Lágmark | Hámark |
|--------------------------|---------|--------|
| Erlend hlutabréf Sjóvár | 35% | 35% |
| Innlend hlutabréf Sjóvár | 65% | 65% |

Markmið: Aukning eigna til langs tíma með gengishækkun og arði af innlendum og erlendum hlutabréfum. Mikil eignadreifing.
Ekki er lengur hægt að fjárfesta í þessum sjóði.

Innlendir sjóðir

Sjóðir í ávöxtun hjá VÍB,
eignastýringarþjónustu Íslandsbanka

Erlend hlutabréf og erlendu vaxtasjóður

| Meðalársávöxtun | | |
|-----------------|-------------|-------------|
| Tímabil | Nafnávöxtun | Raunávöxtun |
| 12 mánuðir | 12,35% | 10,29% |
| 24 mánuðir | 0,24% | -1,61% |
| 48 mánuðir | 3,90% | 2,22% |

| Fjárfestingarstefna | Lágmark | Hámark |
|---------------------|---------|--------|
| Innlán/laust fé | 0% | 10% |
| Erlend hlutabréf | 90% | 100% |

Markmið: Markmið sjóðsins er langtímaaukning eigna með gengishagnaði og arði af erlendum hlutabréfum. Eignadreifing er mikil.

Ekki er lengur hægt að fjárfesta í þessum sjóði.

Innlend verðbréf og íslensk verðbréf

| Meðalársávöxtun | | |
|-----------------|-------------|-------------|
| Tímabil | Nafnávöxtun | Raunávöxtun |
| 12 mánuðir | 6,34% | 4,39% |
| 24 mánuðir | 6,29% | 4,32% |
| 48 mánuðir | 8,13% | 6,38% |

| Fjárfestingarstefna | Lágmark | Hámark |
|--------------------------|---------|--------|
| Innlend hlutabréf | 0% | 20% |
| Ríkisskuldabréf | 40% | 100% |
| Önnur innlend skuldabréf | 0% | 20% |
| Innlán/laust fé | 0% | 20% |

Markmið: Ná fram eignaaukningu til lengri tíma með vaxtatekjum, gengishagnaði, arðgreiðslum af innlendum ríkisskuldabréfum og hlutabréfum. Mikil eignadreifing.

Ekki er lengur hægt að fjárfesta í þessum sjóði.

Íslensk skuldabréf

| Meðalársávöxtun | | |
|-----------------|-------------|-------------|
| Tímabil | Nafnávöxtun | Raunávöxtun |
| 12 mánuðir | 8,04% | 6,06% |
| 24 mánuðir | 7,91% | 5,92% |
| 48 mánuðir | 7,32% | 5,58% |


| Fjárfestingarstefna | Lágmark | Hámark |
|---------------------|---------|--------|
| Innlán/laust fé | 0% | 20% |
| Ríkisverðbréf | 60% | 100% |
| Önnur skuldabréf | 0% | 20% |

Markmið: Markmið sjóðsins er að skila góðri ávöxtun og áhættudreifingu með því að fjárfesta einkum í innlendum skuldabréfum. Allur arður verður endurfjárfestur.


Ekki er lengur hægt að fjárfesta í þessum sjóði.

Innlendir sjóðir

Gengisþróun



Lokaðir sjóðir



Stýrivextir

Seðlabanki Íslands hélt áfram að lækka stýrivexti sem voru í árslok 4,25%. Bankinn lækkaði vexti þrisvar á árinu um 0,25% eða samtals um 0,75%.

Við ákvörðun vaxta horfir Seðlabankinn m.a. til þróunar hagvaxtar, verðbólgu, þenslu/slaka í efnahagsumhverfinu og samneyslu

Gengi íslensku krónunnar

Gengi krónunnar lækkaði (veiktist) um 0,7% á árinu en þróun á gengi krónunnar var mismunandi gagnvart einstökum myntum. Krónan styrktist um 7,4% gagnvart Bandaríkjadollar en veiktist um 5% gagnvart evru og um 1,5% gagnvart bresku pundi.

Seðlabankinn aflétti nánast öllum takmörkunum á gjaldeyrisviðskiptum sem voru sett árið 2008. Þrátt fyrir afléttinguna voru áhrifin á gengi krónunnar tiltölulega lítil.

Seðlabankinn beitti inngripum á gjaldeyrismarkaði á fyrri hluta ársins og dró þannig úr sveiflum í gengi krónunnar. Á seinni helmingi ársins voru inngripin hins vegar nánast engin.

Innlend hlutabréf

Innlendur hlutabréfamarkaður átti misjöfnu gengi að fagna á síðasta ári og skiptist markaðurinn í tvo hluta. Af 16 félögum sem eru skráð á Aðallista Kauphallar Íslands hækkaði gengi hjá 8 félögum og lækkaði hjá átta félögum.

Úrvalsvísitala Kauphallar Íslands OMXI8, sem mælir breytingar á hlutabréfaverði stærstu fyrirtækjanna, lækkaði um 3,4%. Vísitala aðallista, sem mælir hlutabréfaverð allra skráðra hlutafélaga, hækkaði um 6,2%.

Mesta lækkunin var á gengi Icelandair um 36%, Haga um 34% (Costco áhrifin) og Eimskipafélags Íslands um 20,6%. HB Grandi hækkaði um 38,9%, Vodafone um 32,9%, Marel og VÍS um 33,9%.

Össur var afskráð af íslenskum hlutabréfmarkaði í desember sl. og er nú eingöngu skráð í Danmörku.

Engar nýskráningar félaga voru Aðallista Kauphallar Íslands á árinu 2017, en væntingar eru um að 1-2 félög verði skráð á árinu 2018.

Tölur í ársyfirliti þessu eru birtar með fyrirvara um innsláttarvillur.

Þú getur fengið nánari upplýsingar um sparnaðarlíftryggingar hjá okkur í síma **440 2000** og á sjova.is.